

Colas Ísland hf.
Gullhelli 1
221 Hafnarfjörður

3. desember 2025
UOS2501710/K.K.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 8. október 2025 – ID 423

Þann 8. Október 2025 fór fram reglubundið eftirlit í Colas Ísland hf. Amomatic. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Fjórar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Rekstraraðila var í eftirlitinu bent á að bæta þurfi inn í áætlunina um rekstrarstöðvun að upplýsa skuli slökkviliðið um flutning stöðvarinnar. Einnig þarf að bæta inn í áætlunina hvaða varnir gegn mengun þarf við uppsetningu stöðvarinnar á nýrri staðsetningu
2. Uppfæra þarf bráðamengunaráætlunina með nýjum tölvupósti og símanúmeri stofnunarinnar..
3. Bent var á að á svæðinu er neyslugeymir þar sem bæta mætti árekstrarvarnirnar.
4. Bent var á að neyslugeymir skal útbúinn með afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirfylling á sér stað.

Níu frávík komu fram er varða:

1. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal hafa eftirlit og skal skrá upplýsingar um: viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnarbúnaði. Engar skráningar hafa verið gerðar vegna viðhalds, eftirlits né bilana í mengunarvarnarbúnaði.
2. Gr. 4.5 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirliti fyrir árið 2022 var skilað of seint.
3. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Mælingar skal gera einu sinni á ári vegna losunarmarka í gr. 3.5 í starfsleyfi. Í ársyfirliti fyrir árið 2022 kom fram að engar mælingar voru framkvæmdar.
4. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Mælingar skal gera einu sinni á ári vegna losunarmarka í gr. 3.5 í starfsleyfi. Í ársyfirliti fyrir árið 2023 kom fram að engar mælingar voru framkvæmdar.

5. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Útblástur skal standast losunarmörk sem sett eru í gr. 3.5 í starfsleyfi. Samkvæmt ársyfirliti fyrir árið 2024 kom fram að styrkur ryks var yfir mörkum í starfsleyfi.
6. Gr. 2 í reglugerð 851/2002 um grænt bókhald. Fyrirtæki sem færa eiga grænt bókhald skulu fyrir 1. maí ár hvert senda útgefanda starfsleyfis skýrslu um grænt bókhald. Grænt bókhald fyrir árið 2024 barst ekki fyrir 1. maí 2025.
7. Gr. 11 í reglugerð 851/2002 um grænt bókhald. Fyrirtæki sem færa eiga grænt bókhald skulu fyrir 1. maí ár hvert senda útgefanda starfsleyfis skýrslu um grænt bókhald. Grænt bókhald fyrir árið 2023 barst ekki fyrir 1. maí 2024.
8. Gr. 11 í reglugerð 851/2002 um grænt bókhald. Fyrirtæki sem færa eiga grænt bókhald skulu fyrir 1. maí ár hvert senda útgefanda starfsleyfis skýrslu um grænt bókhald. Grænt bókhald fyrir árið 2022 barst ekki fyrir 1. maí 2023.
9. Gr. 43 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir skulu tryggðar við reksturs lausageyma. Lífolía er geymd í bamba ekki í lekabyttu og án árekstrarvarna.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 5. Janúar 2026.

Virðingarfyllst,

Kristín Kröyer

Sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir

Sérfræðingur